

Greinargerð starfshóps varðandi skýrslugerð og eyðublöð í skólaheilsugæslu.

Í starfshópnum voru:

Anna Björg Aradóttir, hjúkrunarfræðingur, Landlæknisembættinu
Guðfinnur Sigurfinnsson, læknir, Heilsugæslustöð Seltjarnarness
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Heilsugæslustöðinni Sólvangi
Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir.

Hlutverk hópsins var að endurskoða eyðublöð og ársskýrslu um skólaheilsugæslu.

1. Skýrsla um heilsugæslu í skólum.

Um er að ræða ársskýrslu um skólaheilsugæslu, sem send er til Landlæknisembættisins, sbr. Reglugerð um skráningu og skýrslugerð, nr. 227/1991. Skýrslan miðar við skólaár, en ekki almanaksár. Ætlast er til að byrjað verði að nota hana skólaárið 1993-1994.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á skýrslunni:

- a) Tilgreina á fjölda nemenda eftir kyni.
- b) Bætt hefur verið við reit yfir samskipti hjúkrunarfræðings. Átt er við öll samskipti við hjúkrunarfræðing, hvort sem um er að ræða reglubundnar skoðanir eða önnur samskipti, s.s. meðferð eða ráðgjöf.
- c) Fjölgað hefur verið tilgreindum aðilum, sem nemendum er vísað til eftir skoðun læknis og hjúkrunarfræðings.
- d) Tilgreina á fjölda eftirlits- og gæslunenemenda, sbr. skilgreiningu á eyðublaðinu.
- e) Bætt hefur verið við reit yfir hljóðholismælingu, ef til kæmi að þær yrðu teknar upp í framtíðinni.
- f) Bætt hefur verið við reit yfir MHR bólusetningu (mislingar, hettusótt og rauðir hundar).
- g) Óskað er eftir nánari upplýsingum um forvarnarstarf á vegum heilsugæslustarfsfólks (aftan á eyðublaðinu). Bent er á að ef starfsfólk skólaheilsugæslunnar óskar eftir að gera ítarlegri grein fyrir forvarnarstarfi má gera það á öðru blaði.

2. Eyðublöð er varða upplýsingar frá foreldrum um nemendur, annars vegar nemendur 1. bekkjar og hins vegar eldri nemendur.

Æskilegt er að reglulega sé fylgst með breytingum á högum og heilsufari nemenda, til dæmis á þriggja ára fresti.

3. Eyðublöð (tvennskonar) er varða upplýsingar milli kennara og starfsfólks heilsugæslu.

Starfshópurinn telur að með notkun slíkra eyðublaða megi tryggja betur upplýsingaflæði milli þessara aðila og einnig skráningu mikilvægra upplýsinga.

Landlæknisembættið mælir með notkun eyðublaða í liðum 2 og 3, en gert er ráð fyrir að hverri heilsugæslustöð sé frjálst að ákveða hvort hún telji ástæðu til að nota þau. Heilsugæslustöðvarnar láta prenta eyðublöðin og geta haft þau með eigin bréfshaus.

4. Ársskýrsla um skólaslys.

Landlæknisembættið óskar ekki eftir að sérstök ársskýrsla um skólaslys sé send til embættisins. Öll skólaslys er þurfa meðhöndlun á heilsugæslustöð eða slysadeild eru þegar skráð þar.

Embættið telur þó að starfsfólk skólaheilsugæslu ætti að fylgjast með og skrá, fyrir sig, skólaslys í skólanum, til að geta fundið slysagildrur eða áhættustaði/-tíma og gert tillögur til úrbóta.

Starfsfólki er í sjálfsvald sett hvaða eyðublað er notað til þess, en benda má á þau sem notuð hafa verið af fyrrverandi skólayfirlækni og á Heilsugæslustöðinni Sólvangi.

5. Heilsugæsluskrá drengja og stúlkna.

Starfshópurinn mælir með að notaðar verði þær skrár sem Landlæknisembættið hefur gefið út (nýjast útgáfa er frá árinu 1993). Þær eru prentaðar í Prentsmiðju Odda hf. Skrárnar ná frá fæðingu til loka grunnskólans. Sérstakt framhaldsblað fylgir skránni.

Þegar barn byrjar í skóla skulu læknir og hjúkrunarfræðingur, sem sinnt hafa barninu fram að þeim tíma, taka til þær upplýsingar sem talið er að skólaheilsugæslan þarfnist. Það eru t.d. heilsufarsskrá barnins (aukablöð fyrir, 18 mán., 30mán. og 4 ára skoðun þurfa að fylgja, ef slík blöð hafa verið notuð), fæðingartilkypping og aðrar upplýsingar um heilsufarsvandamál, sem læknir telur að skipti máli. Frumrit skulu send í skólann.

Í skólaheilsugæslunni skal færa allar þær upplýsingar í skrárnar, sem að mati heilbrigðisstarfsmanna skipta máli varðandi heilsufar og hag nemendanna. Æskilegt er að heimilislæknir viðkomandi barns fái afrit af þeim upplýsingum.

Allar bólusetningar sem nemandinn fær í skólanum á að færa inn á skrárnar og skal viðkomandi heilsugæslustöð sjá til þess að þeim upplýsingum sé haldið til haga.

Flytji nemandinn í skóla er heyrir undir aðra heilsugæslustöð, skulu upplýsingarnar sendar milli heilsugæslustöðva, en ekki skóla og aðeins þegar um þær hefur verið beðið. Allar slíkar upplýsingar á að senda í ábyrgðarpósti.

6. Samskiptaskráning.

Æskilegt er að skrá öll samskipti við nemendur á samskiptaseðil eða annað skráningarform. Með því móti fæst gott yfirlit yfir þann hluta starfsins sem lítur að meðferð eða ráðleggingum til nemenda, en ekki er alltaf ástæða til að skrá í heilsufarsskrána. Auðveldar það einnig yfirsýn yfir þá nemendur sem ítrekað leita til skólaheilsugæslunnar og gætu átt við alvarlegri vandamál að stríða, en tilefnið gefur til kynna.

7. Berklaskráning.

Berklaskýrslur skal senda árlega til berklayfirlæknis, samkvæmt leiðbeiningum hans.

Starfshópurinn telur að ekki þurfi lengur að nota þau eyðublöð sem kveðið er á um í reglugerð um heilsugæslu í skólum nr. 214/1958.

SKÝRSLA UM HEILSUGÆSLU Í SKÓLUM

SKÓLAÁRIÐ

SKÓLI.....

Skólalæknir.....

Stöðuhluti %.....
eða tímar/viku.....

Skólahjúkrunarfræðingur.....

Stöðuhluti %.....
eða tímar/viku.....

Vinsamlegast fyllið út töfluna hér að neðan. Tölur skulu ná yfir heildarfjölda skoðana og bólusetninga í árgöngum, t.d. heildarfjöldi læknisskoðana í öllum fyrstu bekkjum. Athygli skal vakna á því að beðið er um tvær eða fleiri tölur undir liðunum Læknisskoðaðir, Sjónprófaðir, Heyrnarmældir og Berklaprófaðir, t.d. fjöldi læknisskoðaðra og hversu mörgum var vísað áfram.

Fjöldi bólusetninga eftir bekkjum

		1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur	5.bekkur	6.bekkur	7.bekkur	8.bekkur	9.bekkur	10.bekkur	Alls
Heildarfjöldi nemenda í árgangi	Alls											
	Stúlkur											
	Drengir											
Læknisskoðaðir Samskipti við hjúkrunarfræð. vísað áfram til heimilislæknis til annars læknis annað												
Eftirlitsnemendur * Gæslunemendur**												
Sjónprófaðir - þar af vísað áfram												
Heyrnarmældir Hljóðholsmældir - þar af vísað áfram												
Berklaprófaðir - þar af vísað áfram												
Mæusóttarbólusettir												
DT-bólusettir (barnaveiki, stífkrampi)												
MHR-bólusettir (míslingar, hettusótt, rauðhundar)												
Rauðhundabólusettir												
Aðrar ónæmisaðgerðir												
Fjöldi nemenda með ófull- nægjandi bólusetningu í byrjun skólaárs ***												

* Böm með langvinna sjúkdóma, fítlun eða önnur þekkt vandamál og eru þegar í eftirliti.

** Böm sem starfsfólk skólaheilsugæslu telur að þurfi hugsanlega meðferð, ráðgjöf eða aðrar úrlausnir, þ.m.t. ráðgjöf eða meðferð hjúkrunarfræðings

*** Hvað telja læknar og hjúkrunarfræðingar marga nemendur ófullnægjandi bólusetta er þeir hefja nám í fyrsta og tíunda bekk (í byrjun skólaárs), þ.e. áður en reynt var að bæta úr því.

TRÚNAÐARMÁL

Heilsugæsla í skólum

Skóli: _____

Skólaárið: _____

Til foreldra/fórráðamanna nemenda í 1. bekk.

Í skólanum er fylgst með heilsu barna og unglinga og í því sambandi er vert að benda á mikilvægi samvinnu foreldra, kennara og heilbrigðisstarfsfólks.

Hjúkrunarfræðingur er til staðar í skólanum á ákveðnum tímum og læknir kemur í reglulegar heimsóknir.

Það er mjög mikilvægt að fá nákvæmar upplýsingar um heilsufar og líðan hvers barns. Foreldrar eru því beðnir að svara eftirfarandi spurningum og senda til hlutaðeigandi skólahjúkrunarfræðings.

Nauðsynlegt er að skólastjóri og bekkjarkennari fái að vita um allt, sem barnið varðar ef það er þess eðlis að það geti haft áhrif á nám þess eða líðan í skólanum.

Heilsuverndarstarfsemi léttir ekki ábyrgð af foreldrum. Eftir sem áður þurfa foreldrar að fylgjast með heilsufari barna sinna á skólaaldri og hafa sambandi við heilsugæslu skólans eða þá heilbrigðisþjónustu sem við á eftir þörfum. Árangur af heilsuverndarstarfi skóla er kominn undir góðri samvinnu milli skóla og heimilis. Er þess því vænst að þið hafið samband við skólahjúkrunarfræðing eða skólastjóra ef ykkur finnst eitthvað athugasvert við heilsufar eða hátterni barns ykkar meðan það sækir skóla.

Þess er vænst að annað hvort foreldra fylgi barni sínu þegar það kemur til skólaskoðunar í fyrsta sinn og alltaf þegar þið óskið þess.

Vinsamlegast fyllið eyðublaðið út og skilið því í lokuðu umslagi til starfsfólks skólaheilsugæslunnar.

Fullt nafn barns _____ Kennitala _____

Heimili _____ Sími _____

Nafn móður _____

starf _____ vinnutími _____ vinnusími _____

Nafn föður _____

starf _____ vinnutími _____ vinnusími _____

Á barnið heima hjá: foreldrum [] móður [] föður []

Ef ekki, þá hjá hverjum? _____

Vinni foreldrar utan heimilis, hver annast þá barnið á meðan?

Nafn _____ Sími _____

Nafn og fæðingarár systkina _____

Heimilislæknir _____

Tannlæknir _____

SNÚ!

Landlæknisembættið 1994

TRÚNAÐARMÁL

Heilsugæsla í skólum

Skóli: _____ Skólaárið: _____

Til foreldra/forráðamanna nemenda

Vinsamlegast fyllið eyðublaðið út og skilið því í lokuðu umslagi til starfsfólks skólaheilsugæslunnar.

Nafn nemanda _____ Kennitala _____

Heimili _____ Sími _____

Á barnið heima hjá: foreldrum [] móður [] föður []

Vinna báðir foreldrar úti? já [] nei []

Ef svo er, í umsjá hvers er nemandinn? _____

Vinnusími föður _____ Vinnusími móður _____

Hvernig er heilsufar nemandans?

mjög gott [] gott [] sæmilegt [] slæmt []

Eru einhver sérstök heilsufarsleg eða félagsleg vandamál?

nei [] já [] Hver þá? _____

Parf nemandinn að nota lyf að staðaldri?

nei [] já [] Hvaða lyf? _____

Hafa einhverjar breytingar orðið á högum nemandans, sem ætla má að hafi áhrif á andlega eða líkamlega heilsu hans og hegðun? _____

Annað sem óskað er að komi fram _____

Heimilislæknir _____

Tannlæknir _____

Úr hvaða skóla kemur nemandinn? (aðeins nýir nemendur) _____

Undirskrift foreldra/forráðamanns _____

(Eyðublaðið er ætlað nemendum eftir 1. bekk.)

Landlæknisembættið 1994

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN SÓLVANGI
HAFNARFIRÐI

SKRÁNING Á SLYSUM Í SKÓLUM

Nafn _____ Fæ.d.ár: _____

Skóli _____

Slys/dags.: _____ klukkan: _____

Hversu margar klst. í skólanum: _____

Slysstaður: [] Skólastofa [] Á leið úr/í skóla
[] Leikfímissalur [] Heimahús
[] Handavinnustofa [] Íþróttir f. utan skólatíma
[] Skólaeldhús [] Að leik f. utan skólatíma
[] Skólagangur [] Skíðaferðalag
[] Skólalóð/leikvöllur [] Skólaferðalag
[] Annað

Slysavaldur: [] Högg af/við hlut [] Bruni - hiti - kuldi
[] Fall/hras [] Vélar
[] Umferðarslys [] Eitrun
[] Averki frá öðrum [] Annað

Hvaða líkamshluti skaddaðist: [] Höfuð [] Brjóst -kvið - grindarbotn.
[] Augu [] Hryggsúla
[] Munnur [] Lærleggur
[] Tennur [] Fótleggur
[] Háls [] Hnéskel
[] Hönd [] Ökkli
[] Únliður [] Fótur
[] Olnbogi [] Annað

Meiðsli: [] Skráma/mar [] Bruni
[] Brot [] Tognun
[] Skurður [] Sár
[] Annað

Meðferð hjá: [] Skólahjúkrunarfræðingi
[] Slysavárðsstofu Borgarspítalans
[] Heilsugæslustöðinni Sólvangi
[] Öðrum

Var barnið fjarverandi frá skóla vegna slyssins:

[] Já
[] Nei
[] Veit ekki.

Var barnið lagt inn á sjúkrahús:

[] Já
[] Nei
[] Veit ekki.

HEILSUGÆSLA Í SKÓLUM

Skólaslys

Skóli		
Nafn		Fæðingardagur ár
Heimilisfang		Bekkur
Slys/dagsetning	Klukkan	Klukkustundir frá byrjun skóladags

Slysstaður

<input type="checkbox"/> Skólastofa	<input type="checkbox"/> Á leið úr/í skóla
<input type="checkbox"/> Leikfimissalur	<input type="checkbox"/> Heimahús
<input type="checkbox"/> Handavinnustofa	<input type="checkbox"/> Íþróttir f. utan skólatíma
<input type="checkbox"/> Skólaeldhús	<input type="checkbox"/> Að leik f. utan skólatíma
<input type="checkbox"/> Skólagangur	<input type="checkbox"/> Skíðaferðalag
<input type="checkbox"/> Skólalóð/leikvöllur	<input type="checkbox"/> Annað:

Slysa Valdur

<input type="checkbox"/> Högg af/við hlut	<input type="checkbox"/> Bruni – hiti – kuldi
<input type="checkbox"/> Fall/hras	<input type="checkbox"/> Vélar
<input type="checkbox"/> Umferðaslys	<input type="checkbox"/> Eitrun
<input type="checkbox"/> Áverki frá öðrum	<input type="checkbox"/> Íþróttir
	<input type="checkbox"/> Annað:

Hvaða líkamshluti skaddaðist

<input type="checkbox"/> Höfuð	<input type="checkbox"/> Brjóst – kviður – grindarbotn
<input type="checkbox"/> Háls	<input type="checkbox"/> Hryggsúla
<input type="checkbox"/> Handleggur.	<input type="checkbox"/> Lærleggur
<input type="checkbox"/> Hönd	<input type="checkbox"/> Fótleggur
<input type="checkbox"/> Hnéskel	<input type="checkbox"/> Annað:

Meiðsli

<input type="checkbox"/> Skrámur/mar	<input type="checkbox"/> Bruni
<input type="checkbox"/> Brot	<input type="checkbox"/> Tognun
<input type="checkbox"/> Skurður	<input type="checkbox"/> Annað:

Meðferð hjá

<input type="checkbox"/> Skólahjúkrunarfræðingi
<input type="checkbox"/> Slysavárðsstofu Borgarspítalans
<input type="checkbox"/> Heilsugæslustöð
<input type="checkbox"/> Öðrum:

Var barnið fjarverandi frá skóla vegna slyssins

<input type="checkbox"/> Já
<input type="checkbox"/> Nei
<input type="checkbox"/> Veit ekki

Var barnið lagt inn á sjúkrahús

<input type="checkbox"/> Já
<input type="checkbox"/> Nei
<input type="checkbox"/> Veit ekki

Skólahjúkrunarfræðingur